

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suðr- og vestrumdæminu).

Með bréfi frá 7. p. m. hefir ráðgjafinn fyrir Ísland tilkynnt mér, að hans hátign konungurinn hafi 6. s. m. allramildilegast samþykkt að manntalsbókargjöld í Gullbringusýslu og Reykjavíkrkaupstað verði eptirleiðis greidd eptir meðalverði allra meðalverða, en hingað til hafa þau, eins og kunnugt er, verið goldin eptir verðlagi á hörðum fiski.

Þetta er hjer með tjáð yðr herra amtmaðr til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

Bréf landshöfðingjans (til bæjarfógetans í Reykjavík).

Tilkynnt, að ráðgjafinn fyrir Ísland hafi 7. p. m. samþykkt, að Reykjavíkr bæ verði veitt 10,000 króna lán úr landssjóði þannig, að bærinn endrgjaldi og greiði vexti af þessu fæ með því að borga árlega í 28 ár 6 krónur af hverju hundraði króna, sem lánið upphaflega nemr.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir norðr- og austrumdæminu).

Tilkynnt, að 3 kassar með bókum, er hafa verið gefnar amtsbókasafninu á Akreyri frá Ameríku í tilefni af þúsundára-hátíðinni, hafi komið til utanríkisstjórnarinnar í Kaupmannahöfn, og verði geymdir þar, þangað til að þeim að vori verði komið með skipi beinlínis til Akreyrar.

Bréf landshöfðingjans (til beggja amtmanna).

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 6. p. m. ritað mér á þessa leið:
«Hin nýja reikningseining, sem lögleidd var með peningalögum frá 23. maí 1873 verður að við hafa eptir 1. janúar 1875, þá er þinggjöld og önnur gjöld til landssjóðsins eru heimtuð saman, og skal með tilliti til þess þjónustusamlega tjáð herra landshöfðingjanum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir öllum íslenskum gjaldheimtumönnum:

Öllum tollum og gjöldum, sem árlega er jafnað niðr eðr reiknað eptir verðhæðum, er árlega eru tilteknar, t. d. verðlagsskrám, skal frá árinu 1875 jafna niðr í hinum nýu peningum, enda mun upphæð sú, sem niðr á að jafna, og verð það, sem reikna á eptir, verða ákveðið í þeim. Sè þar í mót tollr eðr gjald í lögunum ákvarðað í peningum, sem hingað til hafa verið gjaldgengir, skal einnig eptir lögleiðingu hinnar nýu reikningseiningar við hafa hinn eldri peningareikning til að reikna tolla þá og gjöld, er hinir einstöku gjaldþegnar eiga að gjalda, en þar eptir á að breyta gjöldunum á þann hátt, sem fyrirskipað er í 18. grein peningalaganna, og skal við það athuga, að brot af skildingi gjörist að 1 skildingi, ef þau eru meiri en $\frac{1}{2}$ skildingr, en annars að $\frac{1}{2}$ skildingi.

Öllum tollum og gjöldum, sem falla til greiðslu eptir 1. janúar, skal breyta til krónu-peninga án tillits til tíma þess, er gjöldin greiðast fyrir, og eins verður að breyta samkvæmt 18. grein peningalaganna öllum tolla- og gjaldaskuldum frá fyrri gjalddögum, sem ekki er búið að greiða innan 1. janúarm. 1875.

Enn skal athugað, að aldrei á að taka brot af aurum í reikninga, og er loksins því við bætt, að í reikningum þeim, sem samdir verða eptir 1. janúar 1875, en snerta undangengið tímabil, skal við hafa peningareikning þann, er hingað til hefir verið í gildi.

Þetta er með þessu tjáð herra amtmanninum til leiðbeiningar og birtingar fyrir gjaldheimtumönnum í umdæmi yðar.

Hinn 2. desember 1874.